



Frá ársþingi European Leagues – forseti EL, Pedro Proença, opnar þingið

Ársþing European Leagues

Hækkun á greiðslum til karlaliða vegna Evrópukeppni


Ársþing European Leagues var haldið í London dagana 25.-26.apríl og voru Orrí Hlökkversson formaður ÍTF og Birgir Jóhannsson framkvæmdastjóri fulltrúar ÍTF á þinginu.

Það sem bar líklega hæst á þinginu fyrir íslenska knattspyrnu er að kynnt var niðurstaða úr nokkurra ára baráttu deildarsamtaka og félagsliða í Evrópu um að þau félög sem ekki taka þátt í Meistaradeild Evrópu fái í sinn hlut stærra hlutfall þeirra tekna sem keppnin gefur af sér. Í stuttu máli, baráttu fyrir því að jafna að einhverju leiti greiðslur til stærri og minni félagsliða í Evrópu vegna Meistaradeildarinnar. Um er að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir okkar félagslið en þau hafa á undanförunum árum fengið greiðslur til þróunar ungra leikmanna í gegnum Meistaradeildina og námu þær greiðslur eftir síðasta keppnistímabil ríflega 12 milljónum króna á hvert lið í Bestu deild karla.

Þau félagslið í Evrópu sem ekki taka þátt í Meistaradeild Evrópu, þ.e. félagslið í efstu deildum, fengu á árunum 2021-2024 4% af heildartekjum Meistaradeildarinnar í sinn hlut en gert er ráð fyrir að á árunum 2024-2027 fái þessi sömu félagslið 7% af heildartekjum keppinnar auk þess sem gert er ráð fyrir að tekjurnar aukist nokkuð vegna breytinga sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi keppinnar.

Þetta myndi þýða verulega hækkun á svokölluðum „samstöðugreiðslum“ (solidarity payments) frá UEFA til íslenskra félagsliða í efstu deild karla og varlega áætlað gætu þær tekjur sem félögin fái í formi þessara greiðslna tvöfaldast á næstu tveimur árum og farið yfir 25 milljónir króna á hvert lið í stað þeirra ríflega 12 sem greiddar voru fyrir síðasta ár.

Annað afar mikilvægt málefni sem tekið var til umræðu á þinginu var að kanna möguleika á sameiginlegum viðskiptum deildanna t.d. í formi auglýsingasamninga, útboða á búnaði og/eða gögnum og hugsanlega útboða á hvers kyns réttindum. Þetta gæti sem dæmi birst í því að nokkrar deildir taki sig saman og bjóði út bolta fyrir deildirnar, sameiginlega auglýsingu á völlum og sameiginlegt útboð á greiningarbúnaði fyrir deildirnar. Athyglisverðar hugmyndir sem ÍTF mun taka fullan þátt í að móta með öðrum deildum.



Birgir framkvæmdastjóri ÍTF í VAR herbergi Premier League að taka við leiðbeiningum frá Howard Webb, yfirmanni VAR á Englandi

Fjölgun áhorfenda í fyrstu 6 umferðum Bestu deildar karla


Áhorfendum í Bestu deild karla hefur fjölgað umtalsvert sé miðað við sex fyrstu umferðirnar samanborið við keppnistímabilið 2023. Áhorfendafjöldi í fyrstu sex umferðunum er samtals 40.767 en var 34.127 eftir 6 umferðir keppnistímabilið 2023 sem þýðir að áhorfendum fjölgar um tæplega 20% á milli tímabila. Mest hlutfallsleg fjölgun var í 2.umferð en þar fjölgar áhorfendum um 30% á milli tímabila en flestir voru þó áhorfendur í fyrstu umferðinni eða 8.659.

Flestir áhorfendur voru á leik Víkings gegn Breiðablik í 3.umferð en 2.108 áhorfendur lögðu leið sína í Víkina á þann leik. Næst flestir áhorfendur voru á leik Fram gegn Vestra í 2.umferð en 1.861 áhorfendur voru á þeim leik þegar áhorfendamet var slegið á Lambhagavellinum.

Afar ánægjulegt þróun og í samræmi við þau markmið sem ÍTF og félögin hafa sett sér um fjölgun áhorfenda næstu árin.

Það er athyglisvert að skoða áhorfendafjölda með tilliti til leikdaga og leiktíma en auðvitað eru margir þættir sem spila inn í þar. Af þeim umferðum sem búnar eru þá hafa flestir áhorfendur að jafnaði verið á leikjum sem eru á mánudagskvöldum eða riflega 1.500 áhorfendur að jafnaði á leik. Næst flestir áhorfendur hafa verið á leikjum sem eru á laugadags – eða sunnudagskvöldum kl 19.15 eða 1.200-1.400 að jafnaði á leik. Fæstir áhorfendur hafa hins vegar verið á þeim leikjum sem eru á sunnudögum kl 17:00 og á laugardögum kl 14:00. Samantekt á þessu er þó ekki mjög vísindaleg fyrr en fleiri umferðir eru búnar og leikirnir dreifast á milli liða en þessar upplýsingar gefa þó vísbendingar um hvenær áhorfendur virðast vera líklegastir til þess að mæta á völinn og styðja sitt lið.

Meðalfjöldi áhorfenda á hvern leik í fyrstu sex umferðunum er 1.132 en var 854 að meðaltali að loknum 22 umferðum á síðasta tímabili.




Fjölgun áhorfenda í Bestu deild kvenna

Áhorfendum á fyrstu fimm umferðir í Bestu deild kvenna fjölgaði um 10% sé miðað við fyrstu fimm umferðir tímabilsins 2023. Flestir áhorfendur fóru á fyrstu umferðina eða 1807 en fjöldinn var 1662 í fyrstu umferðinni á síðasta tímabili. Meðalfjöldi á hvern leik er 246 sem er um 20% meira heldur en meðalfjöldinn var á leikina í 18 umferðum á tímabilinu 2023 og gefur það vonandi góð fyrirheit um framhaldið.

Flestir áhorfendur voru á leik Fylkis gegn Þrótti í fyrstu umferðinni eða 749 en næst flestir áhorfendur voru á leik Víkings og Fylkis eða 552. Fylkir og Víkingur eru bæði með fleiri en 400 áhorfendur að meðaltali á heimaleiki sína, reyndar hefur Víkingur aðeins leikið tvo heimaleiki en Fylkir hefur leikið þrjá og er með 479 áhorfendur að meðaltali úr þremur leikjum.

Þrátt fyrir að áhorfendafjöldi hafi aukist frá síðasta ári þá er ljóst að verulegir möguleikar felast í því að auka enn frekar áhuga og áhorfendafjölda á leikjunum í Bestu deild kvenna.



Fulltrúar ÍTF í nefndum og starfshópum KSÍ

ÍTF og aðildarfélögin tilnefna fulltrúa í allnokkrar nefndir og starfshópa á vegum KSÍ og var tilnefningum skilað fyrir síðasta stjórnarfund hjá KSÍ. Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir af ÍTF í nefndir og starfshópa:

Starfshópur um endurskoðun á leyfiskerfi KSÍ
Hörður Guðjónsson og Þórir Hákonarson


Starfshópur um lánareglur í meistaraflokki karla og kvenna
Bjarni Guðjónsson, Birgir Jóhannsson og Katla Guðjónsdóttir

Starfshópur um dómstóla KSÍ
Páll Kristjánsson og Hrannar Már Gunnarsson

Starfshópur um tímasetningu ársþings
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir og Guðjón Bjarni Hálfánarson

Mótanefnd KSÍ
Baldur Már Bragason





Frá fundinum í Malmö

Askoranir knattspyrnu kvenna – ráðstefna í Malmö

Malmö FF og FC Rosengård, sem bæði hafa verið afar atkvæðamikil í knattspyrnu kvenna í Evrópu undanfarna áratugi, stóðu fyrir áhugaverðri ráðstefnu í Malmö 11.apríl s.l. Formaður KSÍ, Þorvaldur Örylgsson, framkvæmdastjóri ÍTF, Birgir Jóhannsson og Úlfar Hinriksson frá Breiðablik, sátu fundinn fyrir hönd íslensku deildanna.

Tilfni ráðstefnunnar var að eftir að hafa verið leiðandi í knattspyrnu kvenna í heiminum undanfarna 4 áratugi hafa lið á Norðurlöndunum dregist aftur úr og eru ekki eins framarlega og þau hafa verið. Stór lið annars staðar í Evrópu hafa náð ákveðnu forskoti bæði innan vallar og utan með miklu fjármagni sem ekki er til staðar í sama mæli hjá liðunum á Norðurlöndunum og umfjöllunarefnið var því hvernig hægt er að bregðast við þannig að félögin nái aftur að vera eins samkeppnishæf og þau voru áður.

Fræðsla vegna veðmálapáttöku og hagræðingu úrslita

Eins og áður hefur komið fram stefnir ÍTF að því að standa fyrir fræðslu fyrir leikmenn í efstu deildum vegna veðmálapáttöku leikmanna og hættu á hagræðingu úrslita. Gert hefur verið samkomulag við sænsku deildasamtökin, Svensk Elitfotboll, í allt fræðsluefni og kerfi til þess að taka námskeið og próf fyrir þátttakendur í gegnum netið.

ÍTF hefur leitað eftir samstarfi við KSÍ í þessu verkefni sem er tiltölulega ódýrt en getur skipt íslenska knattspyrnuhreyfingu gríðarlega miklu máli. Afar verðmætt er fyrir deildir að vera hreinar af grun um hagræðingu úrslita og því nauðsynlegt að leikmenn og aðrir þeir sem að leiknum koma fræðist um þær hættur sem fylgja því að taka þátt í veðmálum á leiki í sínum deildum. Hugsanlegt að dómarar geti jafnframt tekið þátt í þeirri fræðslu sem fyrirhugað er að standa að en þátttaka KSÍ í verkefninu er þar mikilvægt atriði. ÍTF hefur boðist til þess að sjá alfarið um framkvæmd fræðslunnar.

Anders Wikström hjá sænsku deildarsamtökunum segir um samstarfið á milli ÍTF og Svensk Elitfotboll:

„Við erum ánægð að okkar starf hér í Svíþjóð í þessum efnum sé hvetjandi fyrir önnur lönd og aðrar deildir taki upp svipaða fræðslu. Vona að ÍTF gangi vel með þetta verkefni. Fólk mun taka eftir því að þetta starf skiptir máli og hefur áhrif á bæði fótboldasamfélagið og samfélagið almennt til hins betra“

Í pallborðsumræðum og vinnustofum ráðstefnunnar var fjallað um hvar við stöndum í dag, hvert við viljum stefna í framtíðinni og hvernig liðin á Norðurlöndunum munu komast þangað. Markmiðið var að fá heildarsýn á það hvað allir hagsmunaaðilar þurfa að gera til þess að við getum leitt þróun kvennaboltans í framtíðinni – á vellinum, í stúkunni og um allt samfélagið.

Eitt af því sem talið er mikilvægt er að markaðssetja karla – og kvennadeildir og lið saman, líkt og gert er með Bestu deildirnar hér á Íslandi og nýta t.d. samfélagsmiðla sameiginlega fyrir báðar deildir.

Áfram verður unnið á sameiginlegum vettvangi deildanna á Norðurlöndum að takast á við þessar áskoranir, hjá knattspyrnusamböndunum, deildasamtökum og öðrum hagsmunaaðilum.



Verkefnið er að sænskri fyrirmynd

ÍTF lýsir jafnframt yfir ánægju með samstarfið en við höfum átt í góðu samstarfi við sænsku systra samtökin undanfarin ár, s.s. með lánareglur á leikmönnum. Þetta verkefni snertir alla sem koma að efstu deildum, er liður í því að kortleggja stöðuna, verja réttindi okkar og fræða leikmenn og félögin almenn um þær hættur sem kunna að felast í óeðlilegum veðmálum

ÍTF og Deloitte í samstarf

ÍTF og Deloitte hafa gengið frá undirritun samstarfssamnings sem gildir til ársloka 2026. Í samningum felst að Deloitte er opinber tölfraeðisamstarfsaðili Bestu deilda karla og kvenna sem þýðir að öll tölfraeði sem deildirnar gefa út verður merkt Deloitte auk þess sem fyrirtækinu verður heimilt að framleiða annað markaðsefni tengt Bestu deildunum.

Það er ánægjulegt fyrir íslenska knattspyrnu að ganga til samstarfs við Deloitte sem hefur verið í fararbroddi fyrirtækja við úrvinnslu gagna úr rekstri knattspyrnunnar í heiminum mörg undanfarin ár í formi skýrslugerðar en síðustu skýrslu Deloitte má finna hér:

[DeloitteFootball Money League 2023 | Deloitte UK](#)

Jafnframt má finna hér nýjustu skýrslu Deloitte um fjármál íslenskra félaga

[Fótbolti og fjármál - Knattspyrnusamband Íslands \(ksi.is\)](#)

„Með samstarfinu viljum við styðja við uppbyggingu á íslenski knattspyrnu og stuðla að enn frekari umfjöllun og sýnileika. Áhersla er lögð á að jafnræðis Bestu deildir karla og Bestu deildir kvenna verði gætt við gerð alls tölfraeðiefnis. Við eigum framúrskarandi íþróttafólk og með jafnri áherslu á milli Bestu deilda kvenna og karla í tölfraeði, rýni og umræðu, höfum við áhrif á aukinn áhuga og meðbyr þvert á greinina,“ segir Þorsteinn Pétur Guðjónsson, forstjóri Deloitte“



Birgir Jóhannsson framkv.stjóri ÍTF og Þorsteinn Pétur Guðjónsson, forstjóri Deloitte við undirritun samstarfs

Bestu deildar myndir komnar í sölu og dreifingu

Bestu deildar myndirnar eru nú komnar í sölu og hægt að nálgast þær í verslunum um allt land. Myndirnar eru framleiddar af SportHero fyrir ÍTF og Nike á Íslandi og inniheldur hver pakki 8 myndir þar sem í hverjum pakka eru að lágmarki 2 leikmenn af hvoru kyni en jafnframt eru þar sér Nike myndir, félagamyndir, þ.e. logo félaganna í Bestu deildunum, lukuspjöld, auglýsingar og fleira til söfnunar.

Myndirnar eru fyrst og fremst hugsaðar sem aukaefni í markaðssetningu deildanna og líkt og er í fjölmörgum öðrum deildum, þ.á.m. Premier Leagues og Champions League, ætlað að höfða til yngri kynslóðanna.




Allir leikir í Lengjudeild karla í beinni á Youtube

Líkt og undanfarin ár verða allir leikir í Lengjudeild karla aðgengilegir í beinni útsendingu á YouTube rás deildarinnar, „Lengjudeildin“. Útsendingin er notendum að kostnaðarlausu og er markmiðið að auka sýnileika deildarinnar. Margir leikir eru með lýsendum og eru félögin hvött til að lýsa sínum heimaleikjum en það bætir útsendinguna töluvert og gerir upplifun þeirra sem á horfa mun skemmtilegri. Lengjudeildin fer afar vel af stað, mikið um óvænt úrslit og útlit fyrir að deildin verði jöfn í ár.

Töluvert mikið er fylgst með leikjunum og má sjá hversu mörg áhorf leikirnar eru að fá á YouTube. Sem dæmi má nefna að leikur Njarðvíkur og ÍBV var með um 1600 áhorf, þ.e. um 1600 manns fóru inn á leikinn á YouTube og horfðu á hluta hans eða leikinn í heild. 1400 áhorf voru á leik Þórs og Keflavíkur í sömu umferð. Flest áhorf á YouTube á þessu tímabili voru hins vegar á leik Keflavíkur og Aftureldingar í 3.umferð en ríflega 4000 áhorf voru á þann leik.

Fylgstu með næstu leikjum sem fram fara um helgina á YouTube rásinni „Lengjudeildin“.



Lengjudeildin er beint á youtube